

Sþ. 289. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]
um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd, sveitarstjórnir og fjórðungssamband að gera sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu með það fyrir augum, að náttúrugæði þar, á landi og í sjó, nýtist sem best til eflingar atvinnulífi og byggð í héraðinu, enda verði áætlunin einnig látin taka til Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess.

Greinargerð.

Hinn 23. ágúst s. l. var héraðsmálafundur Norður-Þingeyinga haldinn á Kópaskeri, og var þar mikið fjölmenni saman komið úr öllum átta hreppum sýslunnar austan og vestan Óxarfjarðarheiðar. Fund þennan boðaði Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga í samráði við kaupúnahreppa og samvinnufélög í sýslunni, en í stjórn Búnaðarsambandsins eru Þórarinn Haraldsson bóndi í Laufási, formaður, Eggert Ólafsson bóndi í Laxárdal og Jóhann Helgason bóndi í Leirhöfn. Ráðherrum var boðið að mæta á fundinum, eftir því sem þeir hefðu tök á, svo og alþingismönnum og varþingmönnum, er sérstakt tilefni höfðu haft til að fjalla um málefni héraðsins. Á fundinum mættu Halldór E. Sigurðsson fjármála- og landbúnaðarráðherra og Hannibal Valdimarsson félagsmála- og samgönguráðherra, en fyrir hönd Lúðvíks Jósepssonar sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra var mættur Stefán Jónsson landskjörinn varþingmaður. Enn fremur þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Lárus Jónsson, Stefán Valgeirsson og Björn Jónsson, tveir varþingmenn kjördæmisins: Jónas Jónsson og Halldór Blöndal, og Bragi Sigurjónsson landskjörinn varþingmaður. Allir þeir, er nú hafa verið nefndir, tóku til máls á fundinum og létu í ljós áhuga á viðfangsefnum hans. Í blöðum og útvarpi var síðar sagt allýtarlega frá fundinum og talsvert um hann rætt. Einn af þingmönnum kjördæmisins, Magnús Jónsson, gat af gildum ástæðum ekki mætt á fundinum, en fylgdist með því, sem þar fór fram.

Fundarstörfum var þannig hagað, að tíu framsögumenn, er til þess voru kvaddir af fundarboðendum, reifuðu þau mál, er ákveðið hafði verið að taka til meðferðar. Síðan fóru fram almennar umræður, sem gestir fundarins og aðrir, er þess óskuðu, tóku þátt í. Að lokum voru bornar undir atkvæði og samþykktar ályktanir í þeim héraðsmálum, er reifuð höfðu verið og rædd. Fundarstjóri var Óli Halldórsson bóndi á Gunnarsstöðum, en fundarritarar Árni Sigurðsson bóndi í Hjarðarási og Grímur

Guðbjörnsson bóndi á Syðra-Álandi. Er fundargerðin ásamt fundarályktunum birt sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Tilfni héraðsmáladundarins á Kópaskeri var sú ómurlega staðreynd, að í Norður-Pingeyjarsýslu hefur í seinni tíð (undanfarin 10—15 ár) byggð dregizt saman og fólki fækkað, ekki aðeins hlutfallslega miðað við fólksfjölgun í landinu í heild, heldur einnig í beinum tölum talið. Árið 1957 var íbúatala sýslunnar 1996 og komst þá hæst, en samkv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar var hún 1. des. s. l. komin niður í 1740. Er hér um nál. 15% beina fólksfækkun að ræða í héraðinu á þessu tímabili, en á sama tíma varð í landinu í heild bein fólksfjölgun nál. 24%. Fólksfækkun hefur ekki aðeins orðið í sveitum héraðsins, heldur einnig í sjávarþorpunum. Ástæður til þessarar neikvæðu þróunar eru að sjálfsögðu að sumu leyti almenns eðlis (aðdráttarafli höfuðborgarinnar o. þ. h.), en sérástæður eru hér einnig til staðar, t. d. sildarleysið, sem kemur hart við Raufarhöfn og raunar einnig við Þórshöfn, túnkali í sveitum, örðugar samgöngur á Norðausturlandi, neyðarástand í heilbrigðismálum og óvissa um framtíð skólamála í héraðinu.

Í þessu héraði er þó á margan hátt lífvænlegt og drjúgir möguleikar til hagnýtingar náttúruauðæfa, ef vel er að gáð. Óhætt er að segja, að þar eigi dugandi fólk og þrautseigt heima. Norður-Pingeyjarsýsla er ein hin víðlendasta, ef ekki víðlendust, af sýslum landsins, ef saman er talið byggðin sjálf og meira eða minna gróin heiðalönd, svo víðáttumikil og gjöful, miðað við búfjárfjölda, að nærri liggur, að ofbeitarhugtakið verði broslagt þar um slóðir. En minna má á fleira: Fjölsóttar fiskislóðir margra þjóða um aldir við Sléttu og Langanes, uppeldisstöðvar ungfisks í Þistilfirði, laxár margar og önnur veiðivötn, ræktunarskilyrði rúm á flestum jörðum, reka á fjörum og æðarvörp allmörg, jarðhitavott á nokkrum stöðum, sem betur mætti kann, að ógleymdri orku fallvatna stórra og smárra í héraðinu og sjálfum Dettifossi, þar sem trúlega mætti framkvæma hagstæðustu stórvirkjun hér á landi, án þess að nokkru væri spillt eða neinum mein að. Og í sambandi við ferðamannaþjónustu, sem nú er mjög umrædd sem atvinnugrein, kemur þetta hérað vissulega til greina ýmsum öðrum fremur. Í þessu stóra héraði eru jarðir flestar og lönd enn í bændaeign eða hins opinbera. Er það út af fyrir sig mikilsvert og að ekki verði þar innleidd spákaup lands, eins og víða eiga sér stað um þessar mundir.

Flutningsmaður þessarar tillögu lítur á það sem beint og eðlilegt framhald af héraðsmáladundinum á Kópaskeri og því, sem þar var sagt og gert, að Framkvæmdastofnun ríkisins, sem nú er tekin til starfa samkv. lögum, verði í samráði við sýslunefnd Norður-Pingeyjarsýslu, sveitarstjórnir þar og Fjórðungssamband Norðlendinga og með hliðsjón af ályktunum héraðsfundarins falið að gera sérstaka landshlutaáætlun um þetta hérað með það fyrir augum að efla þar atvinnulíf og byggð og hagnýta til þess þau skilyrði að meira eða minna leyti, sem hér hefur verið að vikið. En til þess að svo megi verða, þarf að ráða bót á ýmsu, sem bent hefur verið á og hér verður ekki nánar rætt.

Undanfarið hefur að jafnaði verið gert ráð fyrir því, að landshlutaáætlun tæki til heils landsfjórðungs eða kjördæmis. Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er orðið „landshlutaáætlun“ þó ekki skýrt á þann hátt. Byggðaáætlun um sýslu er að sjálfsögðu landshlutaáætlun, þó að hún fjalli um minni landshluta en kjördæmisáætlun eða fjórðungsáætlun, en getur hins vegar fallið inn í stærri áætlanir, ef henta þykir. Í þessari tillögu er átt við almenna framfaraáætlun fyrir hlutaðeigandi landshluta, en ekki takmarkaða áætlun um samgöngumál eða atvinnumál eingöngu, svo að dæmi séu nefnd.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þeim möguleika, að landshlutaáætlun sú fyrir Norður-Pingeyjarsýslu, sem hér er um að ræða, geti einnig tekið til Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Þau sveitarfélög í Norður-Múlasýslu, sem þar koma til greina, eru Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðahreppur, en tengsl milli þeirra tveggja hreppa og austurhluta Norður-Pingeyjarsýslu hafa bæði fyrr á tímum og í seinni tíð verið allmikil, enda af landfræðileg-

um ástæðum að verulegu leyti um sameiginlega hagsmuni að ræða, t. d. í samgöngu-
málum og ýmsum samfélagsmálum.

Fylgiskjal I.

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 23. ágúst 1971 var að forgöngu B.S.N.Þ. og á þess vegum, ásamt kaupúnahreppum og samvinnufélögum sýslunnar, haldinn héraðsmálafundur á Kópaskeri. Til fundarins var boðið ráðherrum og öllum þingmönnum, og varaþingmönnum kjördæmisins. Allir þingmennirnir mættu á fundinum nema Magnús Jónsson, sem ekki gat komið vegna anna. Tveir af ráðherrunum sátu fundinn, þeir Halldór E. Sigurðsson landbúnaðar- og fjármálaráðherra og Hannibal Valdimarsson samgöngu- og félagsmálaráðherra. Auk þess fjölmenntu sýslubúar á fundinn. Þórarinn Haraldsson, formaður B.S.N.Þ., setti fundinn og bauð menn velkomna og sérstaklega boðsgestina, ráðherra og þingmenn. Þórarinn sagði, að undanfarið hefði verið um sáralitlar framfarir að ræða í sýslunni og hnignun á sumum sviðum á þeim vettvangi, sem hið opinbera ynni almennt að. Hingað á þennan fund væri valdhöfum og ráðamönnum boðið til að hlýða á óskir heimamanna og taka þær til vinsamlegrar og skjótrar úrlausnar. Ákveðið væri, að ellefu mál yrðu lögð fyrir fundinn, hvert af öðru í stuttum framsöguræðum. Síðan hæfust umræður á því, að þingmenn og ráðherrar flyttu sitt mál og að lokum færu fram almennar umræður. Til fundarstjóra nefndi Þórarinn Óla Halldórsson, Gunnarsstöðum, en Grím Guðbjörnsson, Álandi, og Árna Sigurðsson, Hjarðarási, til að rita fundargerð. Þá tók Óli við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

1. **Vegamál.** Framsógu hafði Þórarinn Haraldsson. Gaf hann í stórum dráttum yfirlit yfir ástand veganna í sýslunni og taldi þá yfirleitt ófullkomna og lokast fljótt vegna snjóa og snjómokstur litinn, aðeins einu sinni í mánuði á leiðinni Húsavík til Raufarhafnar.

2. **Læknisþjónusta.** Framsögumaður Árni Sigurðsson. Lýsti hann læknaþjónustu eins og hún er nú í sýslunni, en enginn læknir er starfandi í henni. Læknir á Vopnafirði þjónar „austan heiðar“, en læknar frá Húsavík vestan heiðar. Taldi hann það kröfu íbúanna, að minnst tveir læknar yrðu starfandi í sýslunni.

3. **Fræðslumál.** Framsögumaður Björn Haraldsson. Ræddi hann þann mismun og órétt, sem ríkti í þessum málum á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Í þéttbýlinu gætu öll börn lokið skyldunámi, en langt væri frá, að svo væri í strjálbýlinu. Allt skólahald væri dýrara í dreifbýli, þar sem eingöngu eru heimavistaraskólar. Hann taldi skólakostnað kr. 1650.00 á hvern íbúa í strjálbýlishreppum á móti kr. 1000.00 í þéttbýli, þar sem heimangönguskólar eru. Auk þess gerði hann grein fyrir aukakostnaði strjálbýlisfólks við framhaldsmenntun barna sinna. Í lokin las hann upp tillögu um fundarbókun varðandi þessi mál.

4. **Raforkumál.** Frummælandi Sigurður Jónsson. Hóf hann mál sitt á því, að Norður-Þingeyingar vildu gera þá kröfu, að þeir nytu jafnréttis við aðra landsmenn. Taldi hann nokkuð hafa skort á, að svo væri í raun. Þeir þyrftu oft að bíða lengst allra landsmanna eftir opinberum framkvæmdum og svo væri um rafmagnið. Enn væru margir sveitabæir, einkum austan heiðar, sem ekki eru í sambandi við samveitu. Hann taldi heppilegast, að rafmagnið kæmi frá orkuveri innan sýslunnar, nefndi hann í því sambandi Dettifossvirkjun og virkjun Sandár í Þistilfirði, sem mundi nægja fyrir hreppana austan heiðar um næstu framtíð.

5. **Byggðaðbróun.** Framsógu hafði Grímur Jónsson, ráðunautur. Gerði hann sam-
anburð á íbúafjölda í sýslunni árin 1950 og 1967. Á þessu árabili fækkaði íbúum
sveitahreppanna um 11.7% eða úr 1095 í 968, en í þorpunum Raufarhöfn og Þórs-
höfn fjölgaði um 24%¹⁾. Í sýslunni í heild fækkaði íbúum í sýslunni um 3.4%.

1) Ef miðað er við síðustu 10—15 árin, hefur þó einnig fækkað í þorpunum.

Las hann upp tölur um tünstærð, bústærð og uppskeru bænda í sýslunni. Meðalaldur bænda í sýslunni væri nú 50 ár.

6. Fiskirækt. Framsögumaður Sigtryggur Þorláksson. Taldi hann góð skilyrði til fiskiræktar í N.-Þingeyjarsýslunni og benti á Litlá í Kelduhverfi, sem byði upp á ágæt skilyrði fyrir laxaeldisstöð.

7. Dýralækningar. Eggert Ólafsson hafði framsögu. Norður-Þingeyingar hafa frá upphafi notið lítillar þjónustu frá dýralæknum. Dýralæknir sá, sem á að þjóna hér, er búsettur á Húsavík. Hann hefur mikið að starfa í Suður-sýslunni og því ekki getað sinnt okkur sem skyldi. Nú var með lögum stofnað nýtt dýralæknishérað, Norðurlandshérað, sem nær frá Jökulsá á Fjöllum að Smjörvatnsheiði. Það verður því eindregin ósk fundarins, að dýralæknir verði skipaður sem fyrst í hið nýja hérað.

8. Mál frá Raufarhöfn. Fyrri flutningsmaður, Hilmar Ágústsson, las upp samþykktir frá sameiginlegum fundi allmargra félagssamtaka á Raufarhöfn. Samþykktin var varðandi samgöngumál, og allöng greinargerð fylgdi. Annar flutningsmaður, Björn Hólmsteinsson, talaði um atvinnumál á Raufarhöfn. Mikill vandi hefði skapast á staðnum, er sildin hætti að veiðast, og mjög miklir erfiðleikar væru nú að sjá fólkinu fyrir nægri atvinnu.

9. Mál frá Þórshöfn. Pálmi Ólafsson hafði framsögu. Nefndi hann fimm brýnustu hagsmunamál Þórshafnar. Fyrst hafnarmál. Við höfnina vantaði 50 m langan viðlegukant, sem nota mætti fyrir bátana allt árið. Hér væri aðeins um herzlumun að ræða, að höfnin væri fullbúin. Annað var fiskvinnslan á Þórshöfn. Taldi hann, að byggja þyrfti fiskvinnslufrystihús við Þórshafnarhöfn sem fyrst. Þriðja samgöngumál. Leggja þyrfti veg um Fremriháls og Þistilfjörð. Læknamálið var áður rétt, einnig raforkumál.

10. Mál frá Kópaskeri. Flutningsmaður Kristján Ármannsson. Taldi hann rétt, að unnið væri meira hér á staðnum úr afurðum bænda en nú er gert, og taldi það nauðsynlegt vegna atvinnu og uppbyggingar staðarins. Betri hafnarskilyrði væru nauðsynleg, einnig áætlunarflug, en það hefur legið niðri nokkur ár. Hann lagði áherzlu á, að staðurinn væri í vexti og að þjóðfélaginu væri skylt að sinna þörfum og kröfum þessa fólks ekki síður en annarra þegna þjóðfélagsins.

Fleiri mál komu ekki fram, en Þórarinn Haraldsson talaði til fundarmanna og færði rök fyrir því, að fólksflutningar úr sýslunni stöfuðu að miklu leyti af margra ára tómlæti þess opinbera. Að ræðu hans lokinni var gefið hlé til kaffidrykkju.

11. Að lokinni kaffidrykkju var fundi fram haldið og hófust nú umræður. Fyrstur tók til máls Gísli Guðmundsson, alþingismaður. Síðan töluðu gestir fundarins hver af öðrum í þessari röð:

Stefán Valgeirsson, alþingismaður.
Halldór Blöndal, varaþingismaður.
Lárus Jónsson, alþingismaður.
Ingvar Gíslason, alþingismaður.
Bragi Sigurjónsson, varaþingismaður.
Björn Jónsson, alþingismaður.
Stefán Jónsson, varaþingismaður.
Síðast töluðu ráðherrarnir.

Hannibal Valdimarsson, samgöngu- og félagsmálaráðherra, ræddi einkum um samgöngumál.

Halldór E. Sigurðsson, fjármála- og landbúnaðarmálaráðherra, kom víða við í ræðu sinni. Má nefna heilbrigðismál. Þá vék hann að fiskirækt og fiskeldisstöð í sýslunni. Hann taldi þetta stórmál, sem hann hefði sérstakan áhuga á, og hét því liðsinni.

Allir gestir fundarins þökkðu fyrir boðið. Þeir ræddu ýmis þau mál, sem flutt voru, og öllum bar þeim saman um, að N.-Þingeyjarsýsla hefði verið sett hjá, hvað opinberar framkvæmdir snerti.

Hófust þá almennar umræður.

Fyrstur talaði Stefán Kr. Vigfússon, þá Guðmundur Þorsteinsson, Björn Guðmundsson, Benedikt Sveinsson, Benedikt Sigurðsson, Jósep Þorsteinsson og loks Lárus Jónsson, alþingismaður.

Að loknum almennum umræðum benti Þórarinn Haraldsson aðkomumönnum á, að þessi almenna fundarsókn væri sönnun fyrir áhuga fólksins fyrir þeim opinberu framkvæmdum, sem beðið væri um. Hann sagði, að Búnaðarsambandið mundi vinna að framgangi þeirra mála, sem almenn gætu talizt, en þau, sem væru svæðabundin, ættu formælendur að hafa til meðferðar.

Síðan bar fundarstjóri upp meðfylgjandi fundarályktun til samþykktar. Hann þakkaði ræðumönnum hógværan málflutning og óskaði öllum góðrar heimkomu og sleit síðan fundi.

Óli Gunnarsson.

Grimur Guðbjörnsson. Árni Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Ályktanir frá héraðsmálafundi Norður-Þingeyinga.

Vegamál.

Lokið verði uppbyggingu Þingeyjarsýslubrautar og henni þannig við haldið, að hún verði að jafnaði fær árið um kring. En á meðan því marki er ekki náð, skal ryðja snjó af veginum milli Húsavíkur og Þórshafnar, sem af öðrum vegum landsins.

Gerður verði akfær vegur vestan Jökulsár á Fjöllum, milli Þingeyjarsýslubrautar í Kelduhverfi og Austurlandsvegar á Mývatnsöræfum.

Heilbrigðismál.

Að ávallt hafi a. m. k. tveir læknar fast aðsetur í sýslunni sitt hvorum megin Öxarfjarðarheiðar til að annast daglega þjónustu og þó einkum að veita hjálp, þegar slys ber að höndum eða skjótrar læknishjálpar er þörf af öðrum ástæðum, og til að koma í veg fyrir, að fólk flytjist úr sýslunni vegna öryggisleysis í heilbrigðismálum. Stefnt verði að því, að læknar fáist í öll læknishéruð sýslunnar.

Fræðslumál.

Gerð verði gangskör að því að marka ákveðna stefnu í skólumálum sýslunnar og hafizt handa um framkvæmd hennar, til þess að börn og ungmenni þessa héraðs geti notið þeirra réttinda til fræðslu, sem lög gera ráð fyrir. Til viðbótar því framlagi til kennslu og skólamála, sem um getur í skólakostnaðarlögum og grunnskólafrumvarpinu frá síðasta Alþingi, komi minnst helmings þátttaka ríkisins í matvæla-, orku- og ræstingarkostnaði í heimavistarskólum skyldunámsins. Þá verði heimilaður kennslustundafjöldi í skyldunámsskólum miðaður við þörf nemendanna í hverjum skóla.

Raforkumál.

Unnið verði að því hið skjótasta að leiða rafmagn á þá bæi í sýslunni, sem ekki hafa fengið samveiturafmagn, og að raforka verði seld á sama verði til sömu nota um land allt.

Notuð verði gildandi lagaheimild til að virkja Sandá í Þistilfirði fyrir Norð-austurland. Lokið verði sem fyrst fullnaðaráætlun um virkjunarmöguleika við Dettifoss.

Unga menn vantar í bændastétt.

Við athugun, sem gerð hefur verið um aldur bænda í héraðinu, kemur í ljós, að um helmingur þeirra er kominn yfir fimmtugt og ef bóndi bregður búi, fer jörðin í eyði.

Af þessu leiðir, að brýna nauðsyn ber til að auka fjárhagslega aðstoð við unga menn, sem byrja vilja búskap, m. a. með eflingu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og hagstæðari stofnlánnum.

Fiskirækt.

Þar sem margar ár og vötn í Norður-Þingeyjarsýslu hafa góð skilyrði til fiski-göngu, er mikil þörf fyrir eldisseiði innan mikillar fjarlægðar. Bent hefur verið á Litlá í Kelduhverfi af sérfróðum mönnum sem tilvalinn stað fyrir seiðaeldi og fiskirækt. Ber fundurinn fram þá eindregnu ósk, að ríkið byggji og reki fiskupp-eldisstöð við Litlá.

Dýralækningar.

Gerð verði gangskör að því að fá dýralækni til að setjast að í hinu nýja dýra-læknishéraði milli Jökulsár og Smjörvatnsheiðar.

Mál frá Þórshöfn.

- a) Að bryggjusmiði í höfninni verði lokið.
- b) Hafizt verði þegar handa um undirbúning við byggingu nýs frystihúss við höfnina.

Mál frá Kópaskeri.

- a) Læknir hafi búsetu á staðnum.
- b) Hafizt verði handa um varanlega hafnargerð á Kópaskeri.
- c) Kópasker verði þegar í stað tekið inn á áætlun strandferðaskipa og Flugfélags Íslands.
- d) Komið verði upp á staðnum kjötvinnslustöð til úrvinnslu á afurðum bænda.
- e) Kannað verði, hvers konar útgerð henti best.
- f) Gerð verði áætlun um framtíðarmöguleika N.-Þing. á sviði ferðamála.

Mál frá Raufarhöfn.

Fundurinn fer þess á leit við samgöngumálaráðherra, vegamálastjóra og þing-menn kjördæmisins, að þeir beiti sér fyrir, að vegur milli Raufarhafnar og Núpa-sveitar, það er vegur frá flugvelli við Hól, 5.5 km sunnan Raufarhafnar, og að þjóð-veginum við Presthóla í Núpasveit, sem er ca. 30 km, verði tekinn á næstu vegáætlun og lagningu þess vegar síðan hraðað.

Upptekið úr fundargerðabók B.S.N.Þ.

Kópaskeri, 27. október 1971.

Þórarinn Haraldsson.

Jóhann Helgason.

Eggert Ólafsson.